



Reykjavík – 2
Leyfi nr. 196

Breytingar á lögum, álestrartímabil o.fl.

Nýlega voru á Alþingi samþykktar breytingar á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar sem lúta bæði að ökutækjum sem greiða þungaskatt skv. ökumæli og ökutækjum sem greiða fast gjald þungaskatts.

Breytingar sem varða ökutæki á föstu gjaldi þungaskatts.

Innlögn númera

Með ofangreindum breytingum þá skiptir ekki lengur máli hve lengi skráningarnúmer ökutækja eru í innlögn. Dæmi; ef númer ökutækis eru lögð inn 1. mars þá er felldur niður þungaskattur frá þeim tíma og til loka gjaldtímabilsins sem í þessu dæmi væri 30. júní. Ef númer eru tekin út aftur þann 14. mars þá er lagður á þungaskattur frá þeim tíma og til loka gjaldtímabilsins.

Akstur erlendis

Ef ökutæki á föstu gjaldi hefur verið flutt út tímabundið skal endurgreiða þungaskatt að rétttri tiltölu ef framvísað er útflutnings- og innflutningsskýrslum því til sönnunar. Ekki skiptir lengur máli hve lengi ökutækið er erlendis.

Eindagi færður aftur

Eindagi fasts gjalds þungaskatts er nú 15. febrúar fyrir 1. gjaldtímabil og 15. ágúst fyrir 2. gjaldtímabil. Við aðalskoðun ökutækis þarf að vera búið að greiða áfallinn þungaskatt á eindaga en ekki á gjald-daga eins og áður var.

Breytingar sem varða ökutæki sem greiða þungaskatt skv. ökumæli

Fast árgjald mælabíla (100.000 kr) fellur niður frá og með 11. júní nk.

Lagt verður á fast árgjald mælabíla fyrir yfirstandandi tímabil (2. gjaldtímabil 2000) á ökutæki sem eru yfir 14 tonn að heildarþyngd.

95.000 km fast kílómetragjald fellur niður

Frá gildistöku laganna fellur niður heimild til að sækja um greiðslu þungaskatts skv. 95.000 föstum kílómetrum á ári. Þeir sem þegar hafa sótt um áður-greinda heimild, greiða þungaskatt skv. henni út gjaldaárið, þ.e. til og með 10. október nk. en verða frá þeim tíma að greiða þungaskatt skv. ökumæli.

Gjaldskrá kílómetragjalds ökutækja, festi- og tengivagna frá 11. júní 2000

Leyfð heildarþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald kr.
0-4.999	7,11	18.000-18.999	17,09
5.000-5.999	7,56	19.000-19.999	18,40
6.000-6.999	8,17	20.000-20.999	19,38
7.000-7.999	8,58	21.000-21.999	20,50
8.000-8.999	8,96	22.000-22.999	21,79
9.000-9.999	9,36	23.000-23.999	22,83
10.000-10.999	9,93	24.000-24.999	23,86
11.000-11.999	10,30	25.000-25.999	25,02
12.000-12.999	11,20	26.000-26.999	26,13
13.000-13.999	12,00	27.000-27.999	27,30
14.000-14.999	12,93	28.000-28.999	28,46
15.000-15.999	13,92	29.000-29.999	29,62
16.000-16.999	15,03	30.000-30.999	30,78
17.000-17.999	16,12	31.000 og yfir	31,94

Ný gjaldskrá mælabilia frá 11. júní 2000

Frá og með 11. júní nk. tekur gildi ný gjaldskrá þar sem fyrri gjaldskrár fyrir ökutæki og vagna hafa verið sameinaðar.

Álestrartímabil /Gjalddagi /Breyting á eindaga

Álestrartímabil 2. gjaldtímabils 2000 er 20. maí - 10. júní nk. Gjalddagi er 11. júní 2000 og eindagi 15. júlí 2000.

Áætlun ef ekki mætt í álestur á réttum tíma/Álag/Sekt

Gjaldendur eru minntir á að mæta í álestur á ofangreindu álestrartímabili. Hafi ekki verið mætt með ökutæki til álestrar á álestrartímabilinu áætlar ríkisskattstjóri akstur sem svarar til 32.000 km aksturs á gjaldtímabili. Áætlun þungaskatts vegna fólksbifreiða skal þó vera 8.000 km.

Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun, með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils skal álestur tekin sem kæra og send ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Ef mætt er í álestur eftir að álestrartímabili lýkur, bætist 1% álag við fjárhæð skattsins fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutæki til álestrar, í allt að tíu daga, þ.e. að hámarki 10%.

Mæti eigandi eða umráðamaður með ökutæki sitt til álestrar eftir að þrjátíu dagar (kærufrestur) eru liðnir frá lokum álestrartímabils beitir ríkisskattstjóri, auk

10% álags, sektum sem hækka eftir því sem lengra liður frá lokum álestrartímabils.

Skráning á akstri í akstursbók/sekt

Skylt er að skrá akstur reglulega í akstursbók.

- Ef ökuriti er notaður sem öikumælir skal skrá kílómetrastöðu hans daglega.
- Ef annars konar öikumælir en ökuriti er notaður skal skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega en kílómetrastöðu öikumælisins vikulega.
- Eigendum eða umráðamönnum ökutækja sem búin eru öikumælum, sem ekki eru nýtt í atvinnurekstri, er einungis skylt að skrá mánaðarlega í akstursbók.
- Akstur eftirvagna skal skrá vikulega.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 3/1987 skal ríkisskattstjóri beita sektum sé ekki skráð í bókina eftir settum reglum og eru sektir frá 5.000 kr. til 15.000 kr. Sjá nánar á kápu akstursbókar.

Af mæli á fast gjald – Af föstu gjaldi á mæli

Með síðustu breytingum á lögum nr. 3/1987 skiptir ekki lengur máli hvenær skipt er um skattflokk á ökutækjum undir fjórum tonnum, þ.e. þegar settur er mælir í ökutækið eða það flutt á fast gjald. Dæmi; öikumælir er settur í þann 10. júní - greitt er fast gjald til þess tíma. Ef ökutæki fer af mæli þann 20. júní þá er greitt fast gjald frá þeim tíma.

GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA

SÍMI 563 1100 · FAX 563 1290